

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis:

Reykjavíkurborg
Kópavogsbær
Seltjarnarnesbær
Garðbær
Hafnarfjarðarkaupstaður
Mosfellsbær
Kjósarhreppur



Minjastofnun
Íslands

Mættir voru: Nikulás Úlfar Másson, Sólveig Jóhannsdóttir, Björn Pétursson, Anna Lía Guðmundsdóttir, Margrét Pálsdóttir, Arinbjörn Vilhjálmsson og Gunnþóra Guðmundsdóttir (tók saman atriði fundarins).

Þann 12. maí 2015 var haldinn fyrsti fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

Stutt kynning var í upphafi fundarins sem einnig var send fulltrúum minjaráðsins í tölvupósti eftir fundinn.

Ýmis mál voru rædd og vangaveltur um hlutverk minjaráðs. Minjaráð er hugsað sem tengiliður út í grasrótina á hverjum stað fyrir sig. Minjaráð getur með því ýtt undir að ákveðnum verkefnum sem tengjast menningarminjum sé fylgt eftir.

Herminjar voru ræddar og mikilvægi þess að varðveita þann hluta sögunnar sem enn hefur ekki náð þeim aldri að falla undir lög um menningarminjar.

Söguskilti/upplýsingar um hverfi, mikilvægi og tilgang þeirra.

Næsti fundartími hefur ekki verið ákveðinn en verður líklegast á haustmánuðum.